



Hjallastefnan

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is

Starfsdagar

Kæru bæjarráðs fulltrúar Garðabæjar

Í yfir 15 ár hefur Hjallastefnan verið í nánu og góðu samstarfi við sveitarstjórnaryfirvöld í Garðabæ. Það kom okkur því á óvart að vera neitað um leyfi til að flytja einn starfsdaginn, 5. október en þá héldum við hauststefnu allra Hjallastefnuskóla.

Á þessum tímapunkti finnst okkur því tilefni að skoða málin og íhuga hvort við höfum einhvers staðar villst af leið. Við höfum skynjað ákveðna stífni og ósveigjanleika varðandi skipulag starfsdaga. Við skiljum mjög vel að Garðabær vilji hafa skýra stefnu fyrir sína skóla og er það bara frábært. Hins vegar eigum við mjög erfitt með að skilja að það sama eigi að gilda fyrir okkar skóla. Við viljum líkt og alls staðar í hinum 10 sveitarfélögunum sem við vinnum með að okkur sé treyst fyrir því að foreldrar okkar séu ánægðir. Við getum líka lofað því að foreldrar eru mjög ánægðir hjá okkur og það sýna kannanir sem við höfum gert á hverju ári.

Við kynntum skólayfirvöldum fyrr á þessu ári hugmynd um að ganga lengra í að koma til móts við foreldra leikskólabarna í okkar leikskólum í Garðabæ. Við höfum ákveðið að hafa opið hjá okkur á leikskólunum alla starfsdaga sem kynntir eru á skóladagatali Garðabæjar, nema einn. Á móti þá vinnum við í samvinnu við foreldra að hafa minni starfsemi milli jóla- og nýárs. Ef foreldrar geta ekki gert neinar ráðstafanir þá að sjálfsögðu komum við til móts við þá. Þetta gerum við í flestum sveitarfélögum í dag og við mikla lukku foreldra leikskólabarna. Til að uppfylla lagalegar skyldur um starfsdaga eru þessir dagar á milli hátíðanna gerðir rauðir en við vorum alveg skýr við verkefnastjóra leikskóla Garðabæjar um að komið yrði til móts við foreldra.

Við viljum kanna hvort möguleiki sé á sveigjanleika í þessu efni svo við getum haldið okkar striki um hauststefnu og jólaleyfi í góðu samstarfi við foreldra.

Bestu kveðjur

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

